



## Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 138. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og í fjarfundi, mánudaginn 2. desember 2024, kl. 10:00.**

### Fundinn sátu:

Sigurjón Andrésson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Friðrik Jónas Friðriksson, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Guðrún Inga Bjarnadóttir, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Eyrún Fríða Árnadóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Tinna Rut Sigurðardóttir, aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu, Lilja Jóhannesdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka, Linda Björk Hallgrímsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Skaftafell, Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Höfn, Anna Ragnarsdóttir Pedersen, aðstoðarþjóðgarðsvörður á suðursvæði - Höfn.

### 1. Hoffell - Hugmyndir um uppbyggingu - 2405048

Fulltrúar Bláa Lónsins kynntu stöðu á uppbyggingaráformum þeirra í Hoffelli. Svæðisráð þakkar fulltrúum Bláa Lónsins fyrir kynninguna.

### 2. Suðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarða - 2001003

Þjóðgarðsverðir fóru yfir málefni svæðisins.

*Svæðisráð þakkar fyrir upplýsandi kynningar.*

*Aðstoðarþjóðgarðsvörður á austurhluta suðursvæðis fór yfir helstu fréttir frá Breiðamerkursandi og staðgengill þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli fór yfir verkefnin í Skaftafelli.*

*Á Breiðamerkursandi er mikill gangur í framkvæmdum, en ný salernishús koma til með að rísa á næstu vikum. Í sumar var mikil vinna lögð í göngustíga til þess að tryggja öryggi gangandi vegfarenda um svæðið, og síðustu vikur hafa að mestu farið í eftirlit með atvinnutengdri starfsemi.*

*Í Skaftafelli er vinna við skemmu á lokametrum. Ráðinn var inn aðili til þess að aðstoða við jöklaeftirlit á Falljökli. Annars gengur allt sinn hefðbundna gang í Skaftafelli.*

### 3. Suðursvæði - af vettvangi stjórnar - 2203070

Formaður svæðisráðs fór yfir mál af vettvangi stjórnar.

*Formaður svæðisráðs fór yfir mál frá seinasta fundi stjórnar. Á fundinum var fjallað um tilraunaropnun á Vonarskarði og auglýsingu samninga um íshellaferðir og jöklagöngur.*

**4. Gjaldskrá 2025 - 2312021**

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs fjallaði um breytingar á gjaldskrá, reglugerð um gestagjöld í þjóðgarðinum, á fundi sínum 11. nóvember. Þar voru framlagðar tillögur samþykktar með þeim breytingum að einstaklingsgjald verði að hámarki kr. 500,- og að svæðisgjöld á bílastæðum verði námunduð að 50 kr. en ekki 100 kr. Jafnframt var starfsmönnum falið að leggja málið fram til umræðu í svæðisráðum áður en endanleg útgáfa yrði send til staðfestingar í ráðuneyti.

**Gestir**

Gísli Halldór Halldórsson

*Svæðisráð þakkar fjármálastjóra fyrir greinargóða kynningu.*

**5. Fjárhagsáætlun Vatnajökulspjóðgarðs 2025 - 2411076**

Fjármálastjóri fór yfir vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025.

**Gestir**

Gísli Halldór Halldórsson

*Lagt fram til kynningar.*

*Þjóðgarðsvörður á austurhluta suðursvæðis fór stuttlega yfir rekstraraáætlun svæðisins. Helstu breytingar eru fjölgun landvarða á Breiðamerkursandi. Helstu áskoranir svæðisins eru starfsmannahúsnæði og vinnuaðstaða landvarða við Jökulsárlón.*

*Svæðisráð lýsir yfir áhyggjum sínum á breytingum sem sameining stofnana felur í sér. Svæðisráð hefur síðustu ár lagt mikla áherslu á styrkingu starfsstöðvarinnar á Höfn og fjölgun stöðugilda, en með sameiningu koma störf sérfræðinga á austurhluta suðursvæðis til með að færast yfir á önnur svið nýrrar Náttúruverndarstofnunar. Verkefni starfsfólks á skrifstofunni á Höfn eru fjölmörg og fyrirséð að álag á starfsfólk sem eftir verður aukist, þrátt fyrir að hluti verkefna starfsfólksins sem færast á milli sviða fylgi þeim. Svæðisráð hvetur stjórnendur Náttúruverndarstofnunar til þess að tryggja að fjöldi starfsfólks verði áfram í samræmi við verkefnaálag svæðisins.*

**6. Jökulsárlón - breyting á deiliskipulagi - 2209088**

Þjóðgarðsvörður kynnir vinnu við breytingu á deiliskipulagi við Jökulsárlón. Verkefnið er unnið af Gláma/Kím sem vann núgildandi deiliskipulag. Gert er ráð fyrir að breytingarnar verði í samræmi við fyrri umræður svæðisráðs og niðurstöður ráðgjafa Vörðu. Gert er ráð fyrir frekari kynningu og umræðum á febrúarfundi svæðisráðs.

*Svæðisráð fagnar því að hreyfing sé komin á málið.*

**7. Eftirlit með íshellaskoðun og gönguferðum um skriðjökul - 2411003**

Þjóðgarðsvörður fer yfir stöðu eftirlits með íshellaferðum og jöklagöngum, samkvæmt verklagi um eftirlit. Búið er að taka út starfsemi 6 fyrirtækja og verða að meðaltali tvö fyrirtæki tekin út vikulega fram á vorið.

Að auki fara landverðir reglulega í eftirlit á og við Breiðamerkurjökul og skila inn atvikaskýrslum komi upp frávik frá samningum og gildandi lögum.



*Svæðisráð þakkar fyrir góða kynningu og lýsir yfir ánægju með vöndu vinnubrögð eftirlitsins.*

**8. Íshellaferðir og jöklagöngur - Auglýsing um samninga nóv 2024-sept 2025 - 2410049**

Auglýst var eftir umsóknum um samninga um íshellaferðir og jöklagöngur þann 20. nóvember sl. með umsóknarfrest á hádegi miðvikudaginn 27. nóvember sl. Í boði voru 30 samningar.

Alls bárust 36 umsóknir, sem metnar voru út frá matskvarða sem fylgdi með auglýsingu.

*Svæðisráð þakkar starfsfólki fyrir góða vinnu við málið. Ferlið var allt skýrt, bæði umsóknarferlið og mat á innsendum umsóknum.*

**9. Stjórnunar- og verndaráætlun - Viðauki - Hoffellslambatungur - Gagnasöfnun og vinnsla tillögu - 2202015**

Hoffellslambatungur eru þjóðlenda sem varð hluti af Vatnajökulsþjóðgarði árið 2021. Verkefnislýsing stjórnunar og verndaráætlunar svæðisins var samþykkt í svæðisráði 7. mars 2022.

Vinna við verkefnið er farin af stað og var haldinn íbúafundur sl. fimmtudag. Gert er ráð fyrir að kynna drög að breytingum fyrir svæðisráði í febrúar.

*Svæðisráð þakkar fyrir kynninguna.*

*Nauðsynlegt er að afla fleiri gagna og mynda af svæðinu. Svæðisráð felur starfsfólki að leysa það mál í samráði við viðeigandi aðila.*

*Svæðisráð felur starfsfólki að stuðla að því að smölun Hoffellslambatungna fari fram nægilega snemma á hausti svo ekki dragist um of að smala þetta afskekta og íllfæra svæði.*

**10. Svæðisráð suðursvæðis - fundaáætlun 2025 - 2411029**

Þjóðgarðsverðir lögðu fram drög að fundaáætlun svæðisráðs fyrir árið 2025.

*Svæðisráð samþykkir fundaáætlun ársins 2025.*

**Fundargerð ritaði:** Anna Ragnarsdóttir Pedersen, aðstoðarþjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 12:00.